

Anton Kári Halldórsson,  
Byggingarfulltrúi Rangárpings eystra  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. febrúar 2013  
Tilvísun: UST20130100090/ksj

### **Aðalskipulag Rangárpings eystra 2003 - 2015. Tillaga að breytingu. Lýsing.**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárpings eystra er barst 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu þriggja tillagna um breytingar á aðalskipulagi Rangárpings eystra 2003 – 2015.

Breytingartillögurnar sem lýsingin nær yfir felast í því að tiltekin landbúnaðarsvæði jarðanna Stóru Markar, Moldnúps og Ystabælistorfu 1, 2, 3, 4, og 5 verða skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð.

#### **Stóra Mörk**

Í landi Stóru Markar er fyrirhugað að skilgreina tvö svæði sem frístundasvæði. Skipulagssvæðið er vestan bæjarhúsanna í Stóru Mörk, og aðkoma að því er frá Þórsmurkurvegi. Svæðin tvö nefnast Hólar og Stórhóll. Hólar er austasta svæðið fyrir frístundabyggð á jörðinni, og er áætlað um 1,5 ha að stærð. Á því svæði eru nú þegar byggingar og talsverður gróður. Svæðið Stórhóll er staðsett sunnar á ofangreindri jörð, 3,4 ha að stærð á hæðóttu svæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt hvað varðar sjónræn áhrif, að tekið verði tillit til landforma á svæði Stórhóls þegar lóðir og byggingarreitir eru staðsett.

Í greinargerð kemur fram að nánari ákvæði um frístundahús, stærðir þeirra og gerð verði sett í deiliskipulag. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að upplýsingar um hvernig frágangi á frárennsli verði háttað.

#### **Moldnúpur**

Talsvert fyrir sunnan bæjarhúsin að Moldnúpi er áætlað að skilgreina lóðir fyrir frístundahús alls 4,7 ha svæði á tveimur lóðum. Fram kemur í greinargerð að áætlað eru 2 svæði fyrir frístundahús á ræktuðu túni sunnan bæjarhúsanna, og eru fyrirhugaðar stærðir frístundasvæðanna 1,9ha og 2,8 ha. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætluð frístundahús falli vel að nálægðri byggð. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að


upplýsingar um hvernig frágangi á frárennsli verði háttað, komi fram í deiliskipulagi.


### Ystabælistorfa 1, 2, 3, 4 og 5.

Fyrirhugað svæði fyrir frístundabyggð á ofangreindri jörð er um 27 ha. Um er að ræða 5 lóðir sem hver um sig eru 5,4 ha. Aðkoma að svæðinu er um Leirnaveg nr. 243. Áætlað svæði fyrir frístundabyggð er í dag gróðurpaktar eyrar sem gæti orðið fyrir áhrifum flóða. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætluð frístundahús falli vel að nálægðri byggð. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að upplýsingar um frárennsli komi fram í deiliskipulagi.

Á ofangreindum svæðum eru ekki svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu á tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárpings eystra.

Virðingarfyllt  
  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun